



**STAPI**  
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Ársfundur Stapa 2022

1. júní 2022

# Dagskrá



1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Breytingar á samþykktum
6. Stjórnarkjöri lýst
7. Kosning löggilts endurskoðanda
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál




## 2. Skýrsla stjórnar

Tryggvi Jóhannsson, stjórnarformaður



## 2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri



ÁRSSKÝRSLA STAPA  
2021

Ársskýrslur ▾

☰

## ÁRSSKÝRSLA STAPA LÍFEYRISSJÓÐS 2021

LYKILTÖLUR


ÁRSREIKNINGUR

REKSTUR


VERÐBRÉFAEIGNIR

ÁHÆTTUSTÝRING


FJÁRFESTINGARSTEFNA




Besta ávöxtun í sögu sjóðsins




Hlutfall rekstrarkostnaðar 0,14%  
- það lægsta í sögu sjóðsins -



Ný lífslíkuspá staðfest í lok árs  
- skuldbindingar aukast -



Rekstur sjóðsins komst aftur í fastar  
skorður í kjölfar áskorana vegna  
Covid-19



## Iðgjöld

- Um 15 þúsund launþegar
- Tæplega 4 þúsund launagreiðendur
- Um 34 þúsund skilagreinar móttæknar á árinu
- 14,7 ma.kr. í iðgjöld



## Ávöxtun

- Yfir 93 þúsund aðilar eiga réttindi hjá sjóðnum
- Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok nemur 358 mö.kr.
- Nafnávöxtun:

— Tryggingadeild	18,5%
— Séreign, varfærna	15,0%
— Séreign, áræðna	19,1%
— Tilgreind, varfærna	12,9%



## Lífeyrir

- Tæplega 11 þúsund lífeyrisþegar
- 8,3 ma.kr. í lífeyrisgreiðslur
- Vel á þriðja þúsund umsóknir um lífeyri á árinu

	Skýr.	2021	2020	br.
<b>Iðgjöld</b>				
Iðgjöld sjóðfélaga .....		3.880.232	3.488.742	
Iðgjöld launagreiðenda .....		10.442.739	9.426.520	
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(138.621)	(123.709)	
		<u>14.184.350</u>	<u>12.791.553</u>	11%
Sérstök aukaframlög .....	3	<u>526.553</u>	<u>599.054</u>	-12%
		<u>14.710.903</u>	<u>13.390.607</u>	10%
<b>Lífeyrir</b>				
Heildarfjárhæð lífeyris .....	4	8.204.765	7.417.696	
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....		85.803	77.389	
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	5	4.939	6.458	
Tryggingakostnaður .....		0	0	
Eftirlaun frá Tryggingastofnun .....		(914)	(948)	
		<u>8.294.592</u>	<u>7.500.595</u>	11%

- Iðgjöld vaxa um 10% milli ára og ná ágætum bata frá hóflegum vexti í fyrra
  - Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 5% og launavísitala um 7%
- Heildarfjárhæð lífeyris vex um 11% í takti við aukin réttindi þeirra árganga sem nú fara á lífeyri
  - Sama þróun og við höfum séð undanfarin ár



# Hreinar fjárfestingartekjur



	Skýr.	2021	2020	br.
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>				
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	6	47.475.521	25.379.933	87%
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	7	8.224.236	8.532.477	-4%
Hreinar tekjur af afleiðusamningum .....		20.800	45.200	
Hreinar tekjur af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði .....		(442)	(887)	
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum .....		27.700	32.669	
Vaxtatekjur af handbæru fé .....		(9.308)	400.711	
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .....		18.648	41.100	
Ýmsar fjárfestingartekjur .....		87.958	6.692	
Fjárfestingargjöld .....	8	(71.434)	(128.293)	
		<u>55.773.679</u>	<u>34.309.601</u>	63%

- Gríðarlegur vöxtur fjárfestingartekna frá fyrra ári þrátt fyrir að fyrra ári hafi einnig verið mjög gjöfult

	2021	2020	br.
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	314.037	287.880	9%
Tryggingastærðfræðingur .....	4.190	4.249	-1%
Endurskoðun .....	5.789	6.729	-14%
Innri endurskoðun.....	6.037	3.882	56%
Lögfræðikostnaður.....	6.446	10.201	-37%
Fjármálaeftirlit.....	17.893	17.952	0%
Tölvukostnaður.....	87.408	81.042	8%
Annar kostnaður.....	62.770	52.799	19%
	<u>504.570</u>	<u>464.735</u>	9%

- Rekstrarkostnaður vex nokkuð en hægar en allir mælikvarðar á stærð sjóðsins;
  - Heildareignir +21%
  - Iðgjöld +10%
  - Lífeyrir +11%
- Hlutfallslegur kostnaður er því að minnka
- Kostnaðarhlutfall 0,14% af heildareignum
- Stöðugildum hjá sjóðnum fjölgaði um 0,7 á milli ára

# Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris



	2021	2020	br.
<b>Yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>			
Iðgjöld .....	14.710.903	13.390.607	10%
Lífeyrir .....	(8.294.592)	(7.500.595)	11%
Hreinar fjárfestingartekjur .....	55.773.679	34.309.601	63%
Rekstrarkostnaður .....	504.570	464.735	9%
<b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....</b>	<b>61.685.419</b>	<b>39.734.878</b>	<b>55%</b>
Hrein eign í ársbyrjun .....	295.868.112	256.133.222	16%
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok .....</b>	<b>357.553.530</b>	<b>295.868.101</b>	<b>21%</b>

- Hrein eign til greiðslu lífeyris vex um tæplega 62 ma.kr. eða sem nemur 21%
- Aftur munar þar mestu um fjárfestingartekjur sjóðsins, en lífeyrisbyrði sjóðsins er aðeins 56%
- Hrein iðgjöld nema 6,4 mö.kr. eða sem nemur um 2% af heildareignum í upphafi árs


Eignir	Skýr.	2021	2020	br.
<b>Fjárfestingar</b>				
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	10	208.297.340	158.534.455	31%
Skuldabréf .....	11	141.779.186	131.251.378	8%
Afleiðusamningar .....		24.400	45.200	-46%
Bundnar bankainnstæður .....		310.968	496.344	-37%
		<u>350.411.894</u>	<u>290.327.377</u>	21%
<b>Kröfur</b>				
Kröfur á launagreiðendur .....		1.320.679	1.352.585	-2%
Aðrar kröfur .....		49.720	65.359	-24%
		<u>1.370.399</u>	<u>1.417.944</u>	-3%
<b>Ýmsar eignir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	13	273.888	282.614	-3%
<b>Handbært fé</b> .....		<u>5.601.519</u>	<u>3.967.420</u>	41%
<b>Eignir samtals</b> .....		<u>357.657.700</u>	<u>295.995.354</u>	21%
<b>Skuldir</b>				
<b>Viðskiptaskuldir</b>				
Aðrar skuldir .....		<u>104.171</u>	<u>127.255</u>	-18%
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b> .....		<u>357.553.530</u>	<u>295.868.101</u>	21%


- Eignarhlutir í félögum og sjóðum vaxa milli ára fyrst og fremst vegna verðhækkana fremur en hreinna kaupa
- Áskriftarréttindi sem sjóðurinn eignaðist með þátttöku í hlutfjárútboði Icelandair Group eru færð meðal afleiðusamninga
- Lækka milli ára vegna nýtingar á þriðjungi áskriftarréttinda á árinu



Tryggingadeild

	2021	2020	Breyting %
Iðgjöld í m.kr.	13.808	12.468	10,7%
Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga	14.970	14.654	2,2%
Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga	20.834	20.628	1,0%
Fjöldi launagreiðenda	3.526	3.326	6,0%






# Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar



Á árinu hófu 810 sjóðfélagar töku mánaðarlegra eftirlauna, 300 einstaklingar fengu úrskurðaðan örorkulífeyri, 114 mánaðarlegan makalífeyri og 89 barnalífeyri.


Þá fengu 536 einstaklingar eingreiðslu lífeyris þar sem um lítil réttindi var að ræða. Meðalfjöldi lífeyrisþega í hverjum mánuði var 11.588 og fjölgaði um 623 frá fyrra ári eða um 5,7%.

### Samsetning lífeyrisgreiðslna



Ársskýrsla Stapa



### Eftirlaunaúrskurðir




Ársskýrsla Stapa




# Fjárfestingartekjur tryggingadeildar



Breyting Eignavísitölu Stapa






Séreignardeild

## Iðgjöld

Greiðslur iðgjalda til séreignardeildar jukust frá fyrra ári. Þannig námu greidd iðgjöld samtals 378 m.kr. samanborið við 334 m.kr. á árinu 2020. Af inngreiddum iðgjöldum voru tæp 32% eða 120 m.kr. greiddar inn á á húsnæðislán eða greidd út vegna kaupa á fyrstu íbúð. Til sjóðsins voru nettó flutt réttindi frá öðrum sjóðum að upphæð 22 m.kr. Því nema réttindaflutningar og endurgreiðslur á árinu alls 98 m.kr. Að teknu tilliti til þessa voru nettó iðgjöld 280 m.kr. samanborið við 237 m.kr. á árinu 2020 og hækkuðu um 18,1% milli ára.

Aldursdreifing greiðandi sjóðfélaga séreignardeildar er ólík tryggingadeildar, dreifingin er í séreignardeild nokkuð jöfn milli aldurshópa, allt frá aldrinum 21-30 ára til 61-70.

Í maí 2014 veittu stjórnvöld tímabundna heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar til öflunar húsnæðis. Samkvæmt lögnum er heimilt að ráðstafa séreignarsparnaði skattfrjálst inn á höfuðstól veðlána sem tekin voru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota og gildir núverandi heimild til 30. júní 2023. Auk þess tóku þann 1. júlí 2017 gildi lög nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð þar sem veittur er réttur til að nýta séreignarsparnað skattfrjálst sem innborgun eða til að greiða niður höfuðstól og afborganir lána sem tekin eru vegna kaupa á fyrstu íbúð. Rúmlega 28% greiðandi sjóðfélaga í séreignardeild nýta sér þennan valkost, hlutfall sjóðfélaga sem greiða inn á lán er hæst í aldurshópnum 31-40 ára og 41-50 ára en þar greiða um 45% sjóðfélaga séreign sína inn á lán.





Tilgreind séreignardeild

## Iðgjöld


Eðlismunur er á þeim réttindum sem ávinnast í samtryggingu annars vegar og í tilgreindri séreign hins vegar. Valkostirnir eru báðir góðir, hver sjóðfélagi fyrir sig ætti að meta hvort hann kýs fremur, aukna tryggingavernd sem felst í samtryggingunni eða aukinn sveigjanleika hvað varðar útgreiðslu og erfanleika, sem felst í tilgreindri séreign.

Þess ber þó að geta að einungis er hægt að greiða í tilgreinda séreignardeild af þeim launum þar sem kjara- eða ráðningarsamningar mæla fyrir um slíkt, því er þetta almennt ekki valkostur fyrir starfsmenn ríkis eða sveitarfélaga


Á árinu greiddu 515 sjóðfélagar í tilgreinda séreignardeild Stapa, að auki sendu 254 sjóðfélagar slík iðgjöld til annarra sjóða. Alls framvísuðu um 700 sjóðfélagar hluta af iðgjaldi sínu í tilgreinda séreign, þ.e. tæp 5% af virkum sjóðfélögum tryggingadeildar.

Greiðslur iðgjalda til tilgreindrar séreignardeildar jukust frá fyrra ári og námu iðgjöld samtals 112 m.kr. sem er hækkun um 12,4% frá árinu á undan. Iðgjöld send til annarra sjóða námu 25 m.kr.

# Iðgjöld tilgreindrar séreignar



Ársskýrsla Stapa



Ársskýrsla Stapa





# Tryggingafræðilegt mat


Unnið af Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi



- Tryggingafræðileg athugun lífeyrissjóðs felst í samanburði á:
  - eignum og verðmæti iðgjalda og
  - skuldbindingum til greiðslu lífeyris
- Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað en eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga
  - Vænt niðurstaða er metin með tölfræðilegum líkönum


- Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, 391/1998
- Fjármálaráðuneytið gaf út nýjar staðalforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir í desember 2021
- Staðalforsendurnar eru hvað varðar örorkulíkur byggðar á athugun Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2018
  - Fyrir Stapa er gerð aðlögun varðandi örorkulíkindi með því að nota 140% af meðaltali fyrir nýgengi örorku karla og 100% af meðaltali fyrir konur
- Lífslíkur byggja einnig á sömu athugun 2014-2018 auk þess sem gert er ráð fyrir að dánartíðni lækki ár frá ári í samræmi við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga
  - Lækkandi dánartíðni kemur í fyrsta skiptið inn í tryggingafræðilega athugun íslenskra lífeyrissjóða við athugun í árslok 2021

# Hækkun reiknaðs lífaldurs



- Á tímabilinu 1988 hefur reiknaður lífaldur að meðaltali lengst um 2,25 mánuði á ári fyrir karla og 1,5 mánuði fyrir konur
- Aldursbundin dánartíðni hefur greinilega verið að breytast
- Breytingar virðast nokkuð reglulegar
- Að gera ráð fyrir óbreyttri aldursbundinni dánartíðni til framtíðar virðist ekki skynsamlegt


# Væntingar um hækkun lífaldurs eftir fæðingarári



# Breyting tryggingafræðilegrar stöðu




Breyting á tryggingafræðilegri stöðu milli ára



## Tryggingafræðileg staða 2021

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	348.661.724	0	348.661.724
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa....	(19.111.360)	0	(19.111.360)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	222.963.584	222.963.584
Eignir samtals.....	329.550.364	222.963.584	552.513.948
<b>Skuldbindingar</b>			
Eftirlaun.....	279.060.315	195.234.963	474.295.278
Örorkulífeyrir.....	39.042.924	37.528.428	76.571.352
Makalífeyrir.....	10.438.884	5.541.879	15.980.763
Barnalífeyrir.....	212.915	2.033.043	2.245.958
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar.....	4.542.786	6.401.974	10.944.760
Skuldbindingar samtals.....	333.297.825	246.740.286	580.038.111
<b>Skuldbindingar umfram eignir.....</b>	<b>(3.747.461)</b>	<b>(23.776.702)</b>	<b>(27.524.163)</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....</b>	<b>-1,12%</b>	<b>-9,64%</b>	<b>-4,75%</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....</b>	<b>1,08%</b>	<b>1,97%</b>	<b>1,45%</b>


## Tryggingafræðileg staða í árslok 2021







Vinna við útfærslu samþykktarbreytinga vegna nýrrar lífslíkuspár



Mörg tækifæri til frampróunar í upplýsingatækni á næstu árum



Fjölpættar áskoranir í eignastýringu  
*stríð, verðbólga,  
framboðskeðjuvandamál,  
hækkandi vextir*



Aukin áhersla á ábyrgar fjárfestingar



Orðið er laust  
Ársreikningur 2021



### 3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri




Fjárfestingarstefna 2021

# Nafnávöxtun í samanburði við áætlun fjárfestingarstefnu




Árið 2021




# Ávöxtunarfamslag eignaflokka



Innlend og erlend hlutabréf með hæsta ávöxtunarfamslagið



# Eignasamsetning í árslok 2021




# Hreyfing eignasafnsins á árinu 2021








Dregið var úr vægi hlutabréfa að fjárhæð um 6 ma.kr. samtals

Fjárhæðir (nettó hreyfing) í mö.kr.





- Auka gjaldeyrisáhættu um 2% á árinu 
- Viðhalda áhættustigi eignasafnsins 
- Auka fjölbreytni í erlendu eignasafni sjóðsins 
- Innleiða aðferðafræði ábyrggra fjárfestingaákvæðana í fjárfestingaferli sjóðsins 
- Auka vægi veðskuldabréfa í eignasafni sjóðsins 




Ávöxtun það sem af er ári 2022

# Eignamarkaðir árið 2022



Gríðarlegar hækkanir á eignamörkuðum að baki – miklar áskoranir fyrir stafni



Minnkandi áhrif Covid19 –  
en Kína stendur í  
einhverjum takmörkunum




Verðbólga kominn vel  
umfram markmið sem ýtir  
undir meiri vaxtahækkanir



Aukin áhersla á grænar  
fjárfestingar



Innlendur ferðamannaíðnaður  
tekur við sér – væntingar um  
gengisstyrkingu krónu



Vaxtahækkunarferli hafið  
hér innanlands – útlit fyrir  
brattar vaxtahækkanir




Sögulega lágt vaxtastig og  
hækkandi vextir fela í sér  
áskoranir í eignastýringu

# Nafnávöxtun árið 2022




## Fyrstu fimm mánuði ársins



# Eignasamsetning árið 2022




Þann 31. maí 2022



# Hlutfall erlendra eigna

Erlendar eignir um 38% en stefnt er að 45% hlutfalli árið 2025





- Auka gjaldeyrisáhættu um 2% á árinu
- Verja góða ávöxtun undanfarinna ára með ábyrgri stýringu
- Nýta tækifæri sem myndast í sveiflukenndum hlutabréfamarkaði
- Nýta tækifæri á vaxtamarkaði sem myndast við hækkun innlendra og erlendra vaxta
- Halda áfram að innleiða aðferðafræði ábyrgra fjárfestingaákvæðana í fjárfestingaferli sjóðsins
- Auka vægi veðskuldabréfa í eignasafni sjóðsins



Orðið er laust  
Fjárfestingarstefna





## 4. Hluthafastefna Stapa

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri

## Hluthafastefna

- Samþykkt í stjórn Stapa í nóvember 2021
- Tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi og hvernig við væntum þess að stjórnarháttum fyrirtækja verði háttað
  - Umboðsskylda gagnvart sjóðfélögum
  - Samskipti sem hluthafi
  - Beiting atkvæða á hluthafafundum

## Framkvæmd og aðgerðir

- Stapi beitir atkvæðisrétti sínum í samræmi við anda hluthafastefnu sjóðsins
- Sjóðurinn á uppbyggileg samskipti við félög um stjórnarhætti þeirra
- Sjóðurinn mun koma á framfæri ábendingum skriflega eða á hluthafafundum ef hann telur að stefna eða ákvarðanir félags eða eignastýranda brjóti gegn stefnu sjóðsins
- Stapi kann að selja verðbréf félags sem stenst ekki viðmið sjóðsins
- Sjóðurinn gerir opinberlega grein fyrir beitingu atkvæðaréttar Stapa á hluthafafundum skráðra félaga

## Stefna um ábyrgar fjárfestingar

- Samþykkt í stjórn Stapa í nóvember 2021
- Tilgreinir ramma um framkvæmd ábyrgra fjárfestinga sjóðsins
- Stapi byggir viðmið sín um ábyrgar fjárfestingar á grunngildum íslenskra laga á sviði umhverfipáttanna og félagslegra þátta
  - Þá byggir sjóðurinn einnig á þeim alþjóðlegu sáttmálum og samningum sem Ísland er aðili að, óháð því hvort að heimaland viðkomandi félags hafi fullgilt viðkomandi viðmið
- Sjóðurinn kann einnig að taka þátt í samstarfi á sviði umhverfispáttanna eða félagslegra þátta

## Framkvæmd og aðgerðir

- Framkvæmd stefnunnar er háð því skilyrði að aðgerðir sem af henni leiða samrýmist heildarmarkmiðum sjóðsins um háþróun lífeyrisréttinda sjóðfélaga
- Umhverfispættir og félagslegir þættir hluti af greiningu fjárfestingakosta
- Stapi kann að beita jákvæðri eða neikvæðri skimun
- Sjóðurinn mun koma á framfæri ábendingum skriflega eða á hluthafafundum ef hann telur að stefna eða ákvarðanir félags eða eignastýranda brjóti gegn stefnu sjóðsins
- Stapi kann að selja verðbréf félags eða eignastýranda sem standast ekki viðmið sjóðsins


# Þróun Stapa sem ábyrgs fjárfestis



**2017:** Stapi er meðal stofnaðila að IcelandSIF, óháðs vettvangs fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar



**2020:** Stapi undirritar viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar



**2015:** Fyrsta hluthafastefna Stapa



**2022:** Áframhaldandi þróun Stapa sem ábyrgs fjárfestis, þróun á innri og ytri upplýsingagjöf og lykilmælikvörðum

**2021:** Hluthafastefna uppfærð og fyrsta stefnan um ábyrgar fjárfestingar samþykkt. Stapi gerist aðili að Climate Investment Coalition




# Ábyrgar fjárfestingar




Stapi gerðist aðili að CIC á árinu 2021 og setti fram markmið um fjárfestingu í grænum eignum

## Markmið um grænar fjárfestingar til ársins 2030



## Nýfjárfestingar í grænum eignum frá upphafi árs 2021





Orðið er laust  
Hluthafastefna



## 5. Breytingar á samþykktum

Einar Ingimundarson, lögfræðingur

Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs

Stjórn sjóðsins leggur til breytingar á fjórum greinum samþykka sjóðsins. Í stuttu máli eru breytingarnar eftirfarandi:


- *Grein 16.7 – Sjóðnum veitt heimild til að birta sjóðfélögum yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur með rafrænum hætti ef lög leyfa.*
- *Grein 21.5 – Skilyrði fyrir rétti til barnalífeyris skýrð og samræmd framkvæmd annarra lífeyrissjóða.*
- *Grein 21.6 – Útreikningur á fjárhæð barnalífeyris skýrður í samræmi við framkvæmd.*
- *Grein 23.3 – Heimild til útgreiðslu séreignar sem myndast hefur vegna iðgjalda sjóðfélaga undir 16 ára aldri felld niður í samræmi við álit Fjármála- og efnahagsráðuneytisins.*

Samþykktarbreytingarnar voru kynntar á fulltrúaráðsfundi 4. maí sl.

Þá voru þær sendar aðildarfélögum ásamt greinargerð 2 vikum fyrir ársfund

- Sömu gögn hafa legið á skrifstofu sjóðsins frá sama tímamarki





# Rafræn birting sjóðfélagayfirlita

Grein 16.7

## Grein 16.7

### Grein 16.7 í gildandi samþykktum

Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

### Um breytingu á grein 16.7:

*Samkvæmt núgildandi samþykktum er meginreglan sú að senda yfirlit á pappírformi en heimilt að senda þau með rafrænum hætti ef sjóðfélagi óskar sérstaklega eftir því. Nú er í undirbúningi að sett verði ákvæði í lög þess efnis að útsending yfirlita með rafrænum hætti sé jafngild útsendingu pappírlyfirlita. Slíkt verklag myndi spara Stapa kostnað og hefði jákvæð umhverfisleg áhrif og því er líklegt að Stapi myndi nýta slíka heimild og breyta verklagi þannig að meginreglan verði sú að yfirlit yrðu send rafrænt en unnt væri að óska sérstaklega eftir pappírlyfirlitum. Hér er því um að ræða tillögu svo Stapi geti tekið upp nýtt verklag strax og lagabreyting gengur í gegn.*

### Grein 16.7 með breytingum

Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því **eða ef lög eða stjórnvaldsfyrirmæli heimila rafræn skil.** ~~Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil.~~ Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.



Skilyrði fyrir rétti til barnalífeyris skýrð og samræmd  
framkvæmd annarra lífeyrissjóða

Grein 21.5

# Skilyrði fyrir rétti til barnalífeyris skýrð og samræmd



## Grein 21.5

### Grein 21.5

Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái eftirlaunaaldri. Barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega greiðist til lífeyrisþegans skv. nánari ákvæðum þessarar greinar.

### Grein 21.5 eftir breytingu

Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum **og hefur greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir orkutapið eða 6 mánuði af undanfarandi 12,** enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái eftirlaunaaldri. Barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega greiðist til lífeyrisþegans skv. nánari ákvæðum þessarar greinar.

### Um breytingu á grein 21.5:


*Barnalífeyrir er ólíkur öðrum lífeyristegundum Stapa því hann er föst upphæð, að mestu óháð því hversu mikil réttindi viðkomandi sjóðfélagi hefur áunnið sér hjá sjóðnum.*

*Vegna aðildar Stapa að samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða skiptist greiðsla barnalífeyris oftast á milli þeirra sjóða sem iðgjöld hafa verið greidd til síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutap eða fráfall og fram til loka þess mánaðar er orkutap eða fráfall á sér stað. En hafi engar iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða átt sér stað þau fjögur ár, sem tilgreind eru hér að ofan, en réttur er engu að síður til barnalífeyris samkvæmt samþykktum sjóða skal skipting milli hlutaðeigandi sjóða miðast við fjárhæðir elli- eða örorkulífeyris sjóðanna á þeim tíma sem úrskurður barnalífeyris miðast við.*

*Hvað varðar barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega eru í núverandi samþykktum Stapa engin takmarkandi ákvæði hvað varðar iðgjaldagreiðslutíma á næstliðnum árum fyrir orkutap. Almenn takmarkast barnalífeyrisréttur hjá lífeyrissjóðum við að iðgjöld hafi verið greidd til sjóðsins næstliðin ár fyrir orkutap.*

*Vegna þessa misræmis við aðra sjóði á Stapi í sumum tilfellum að greiða barnalífeyri, í stað úrskurðarsjóðs örorkulífeyris, þó svo ekki hafi verið greidd iðgjöld til Stapa um árabil.*

*Hér er því lagt til að sömu skilyrði um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, næstliðin ár fyrir orkutap, gildi um barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega líkt og gilda nú þegar um barnalífeyri vegna andláts foreldris.*



Útreikningur á fjárhæð barnalífeyris skýrður í samræmi við framkvæmd

Grein 21.6

## Grein 21.6

### Grein 21.6

Lækka skal barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé örorkulífeyrir sjóðfélaga minni en kr. 10.000 á mánuði.

### Grein 21.6 eftir breytingu

Lækka skal barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé örorkulífeyrir sjóðfélaga minni en kr. 10.000 á mánuði. **Barnalífeyrir skal fyrir örorkulífeyri á milli þeirra marka vera í hlutfalli við fjárhæð lífeyris umfram neðra mark, af fjárhæð neðra marks, kr. 10.000**

### Um breytingu á grein 21.6:

*Barnalífeyrir með börnum örorkulífeyrisþega takmarkast við að viðkomandi eigi nokkur réttindi í lífeyrissjóðum, sbr. grein 21.6. Upphæðir í ákvæðinu miðast líkt og flestar upphæðir í samþykktum sjóðsins við neysluverðsvísitölu 230 og þarf því að uppreikna miðað við vísitölu neysluverðs fyrir tiltekinn mánuð.*

*Ákvæðið er óskýrt að því leyti að ekki er tilgreint á hvaða hraða lækka skal barnalífeyri á milli tilgreindra marka. Þ.e. hvort hann eigi að fara línulega niður í núll fyrir seinni mörkin (10.000) og falla þess vegna niður, eða t.d. fara línulega niður í 50% við lægri mörkin og detta þá niður í núll. Því er lögð til viðbót við grein 21.6 til að skýra það að barnalífeyrir eigi að lækka línulega úr 100% við 20.000 kr örorkulífeyri niður í 0% við 10.000 kr. örorkulífeyri. Þetta er í samræmi við núverandi túlkun Stapa á ákvæðinu.*



Meðferð iðgjalda sjóðfélaga yngri en 16 ára

Grein 23.3

# Meðferð iðgjalda sjóðfélaga yngri en 16 ára



## Grein 23.3

### Grein 23.3

Heimilt er sjóðnum að leggja iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára inn á reikning í eigu viðkomandi sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins. Skal þá greiða bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda inn á reikning sjóðfélagans. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki sótt um slíka endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.

### Grein 23.3 eftir breytingu (öll grein felld niður)

~~Heimilt er sjóðnum að leggja iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára inn á reikning í eigu viðkomandi sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins. Skal þá greiða bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda inn á reikning sjóðfélagans. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki sótt um slíka endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.~~

### Um breytingu á grein 23.3:

*Lagt er til að grein 23.3. verði felld út í heild.*

*Á ársfundi 2021 voru samþykktar breytingar á greinum 23.2 og 23.3 til að færa orðalag þeirra að því verklagi sem sjóðurinn hafði viðhaft undanfarin ár vegna iðgjaldagreiðslna þeirra sem eru undir 16 ára eða yfir 70 ára.*

*Nánar tiltekið var samþykkt á ársfundinum að fella út grein 23.2 sem sagði að iðgjöld vegna þeirra sem eru undir 16 ára eða yfir 70 ára skyldi almennt endurgreiða en þó væri heimilt að leggja þau inn á reikning viðkomandi í séreignardeild sbr. grein 23.3. Framkvæmd Stapa árin á undan hafði verið með þeim hætti að iðgjöld sem svona var háttað um voru ávallt lögð inn á reikning viðkomandi í séreignardeild í samræmi við ákvæði 23.3. Eftir að breytingarnar höfðu verið samþykktar á ársfundi 2021 voru þær sendar Fjármálaráðuneytinu til staðfestingar en þá gerðist það að fjármálaeftirlitið, sem er lögbundinn umsagnaraðili um tillögur að samþykktabreytingum, lagðist gegn þeim og lét í ljós þá skoðun að sú 5 ára úttektarheimild sem kveðið er á um í ákvæðinu standist ekki lög hvað varðar þá sem eru undir 16 ára. Breytingarnar á umræddum greinum tóku því ekki gildi og miðað við túlkun fjármálaeftirlitsins er sú framkvæmd sem kveðið er á um í grein 23.3. ekki í samræmi við lög. Því þykir rétt að fella grein 23.3. út í heild sinni. Iðgjöld vegna þeirra sem eru undir 16 ára og yfir 70 ára verða því eftirleiðis ávallt endurgreidd en ekki lögð á reikning í séreignardeild.*





Orðið er laust  
Samþykktarbreytingar

## Grein 16.7 - Atkvæðagreiðsla

### Grein 16.7 í gildandi samþykktum

Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

### Um breytingu á grein 16.7:

*Samkvæmt núgildandi samþykktum er meginreglan sú að senda yfirlit á pappírformi en heimilt að senda þau með rafrænum hætti ef sjóðfélagi óskar sérstaklega eftir því. Nú er í undirbúningi að sett verði ákvæði í lög þess efnis að útsending yfirlita með rafrænum hætti sé jafngild útsendingu pappírlyfirlita. Slíkt verklag myndi spara Stapa kostnað og hefði jákvæð umhverfisleg áhrif og því er líklegt að Stapi myndi nýta slíka heimild og breyta verklagi þannig að meginreglan verði sú að yfirlit yrðu send rafrænt en unnt væri að óska sérstaklega eftir pappírlyfirlitum. Hér er því um að ræða tillögu svo Stapi geti tekið upp nýtt verklag strax og lagabreyting gengur í gegn.*

### Grein 16.7 með breytingum

Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því **eða ef lög eða stjórnvaldsfyrirmæli heimila rafræn skil.** ~~Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil.~~ Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

# Skilyrði fyrir rétti til barnalífeyris skýrð og samræmd



## Grein 21.5 - Atkvæðagreiðsla

### Grein 21.5

Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái eftirlaunaaldri. Barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega greiðist til lífeyrisþegans skv. nánari ákvæðum þessarar greinar.

### Grein 21.5 eftir breytingu

Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum og hefur greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir orkutapið eða 6 mánuði af undanfarandi 12, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái eftirlaunaaldri. Barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega greiðist til lífeyrisþegans skv. nánari ákvæðum þessarar greinar.

### Um breytingu á grein 21.5:

*Barnalífeyrir er ólíkur öðrum lífeyristegundum Stapa því hann er föst upphæð, að mestu óháð því hversu mikil réttindi viðkomandi sjóðfélagi hefur áunnið sér hjá sjóðnum.*

*Vegna aðildar Stapa að samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða skiptist greiðsla barnalífeyris oftast á milli þeirra sjóða sem iðgjöld hafa verið greidd til síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutap eða fráfall og fram til loka þess mánaðar er orkutap eða fráfall á sér stað. En hafi engar iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða átt sér stað þau fjögur ár, sem tilgreind eru hér að ofan, en réttur er engu að síður til barnalífeyris samkvæmt samþykktum sjóða skal skipting milli hlutaðeigandi sjóða miðast við fjárhæðir elli- eða örorkulífeyris sjóðanna á þeim tíma sem úrskurður barnalífeyris miðast við.*

*Hvað varðar barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega eru í núverandi samþykktum Stapa engin takmarkandi ákvæði hvað varðar iðgjaldagreiðslutíma á næstliðnum árum fyrir orkutap. Almenn takmarkast barnalífeyrisréttur hjá lífeyrissjóðum við að iðgjöld hafi verið greidd til sjóðsins næstliðin ár fyrir orkutap.*

*Vegna þessa misræmis við aðra sjóði á Stapi í sumum tilfellum að greiða barnalífeyri, í stað úrskurðarsjóðs örorkulífeyris, þó svo ekki hafi verið greidd iðgjöld til Stapa um árabil.*

*Hér er því lagt til að sömu skilyrði um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, næstliðin ár fyrir orkutap, gildi um barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega líkt og gilda nú þegar um barnalífeyri vegna andláts foreldris.*

# Útreikningur á fjárhæð barnalífeyris skýrður



## Grein 21.6 - Atkvæðagreiðsla

### Grein 21.6

Lækka skal barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé örorkulífeyrir sjóðfélaga minni en kr. 10.000 á mánuði.

### Grein 21.6 eftir breytingu

Lækka skal barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé örorkulífeyrir sjóðfélaga minni en kr. 10.000 á mánuði. **Barnalífeyrir skal fyrir örorkulífeyri á milli þeirra marka vera í hlutfalli við fjárhæð lífeyris umfram neðra mark, af fjárhæð neðra marks, kr. 10.000**

### Um breytingu á grein 21.6:

*Barnalífeyrir með börnum örorkulífeyrisþega takmarkast við að viðkomandi eigi nokkur réttindi í lífeyrissjóðum, sbr. grein 21.6. Upphæðir í ákvæðinu miðast líkt og flestar upphæðir í samþykktum sjóðsins við neysluverðsvísitölu 230 og þarf því að uppreikna miðað við vísitölu neysluverðs fyrir tiltekinn mánuð.*

*Ákvæðið er óskýrt að því leyti að ekki er tilgreint á hvaða hraða lækka skal barnalífeyri á milli tilgreindra marka. Þ.e. hvort hann eigi að fara línulega niður í núll fyrir seinni mörkin (10.000) og falla þess vegna niður, eða t.d. fara línulega niður í 50% við lægri mörkin og detta þá niður í núll. Því er lögð til viðbót við grein 21.6 til að skýra það að barnalífeyrir eigi að lækka línulega úr 100% við 20.000 kr örorkulífeyri niður í 0% við 10.000 kr. örorkulífeyri. Þetta er í samræmi við núverandi túlkun Stapa á ákvæðinu.*

# Meðferð iðgjalda sjóðfélaga yngri en 16 ára



## Grein 23.3 - Atkvæðagreiðsla

### Grein 23.3

Heimilt er sjóðnum að leggja iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára inn á reikning í eigu viðkomandi sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins. Skal þá greiða bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda inn á reikning sjóðfélagans. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki sótt um slíka endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.

### Grein 23.3 eftir breytingu (öll grein felld niður)


~~Heimilt er sjóðnum að leggja iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára inn á reikning í eigu viðkomandi sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins. Skal þá greiða bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda inn á reikning sjóðfélagans. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki sótt um slíka endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.~~

### Um breytingu á grein 23.3:

*Lagt er til að grein 23.3. verði felld út í heild.*

*Á ársfundi 2021 voru samþykktar breytingar á greinum 23.2 og 23.3 til að færa orðalag þeirra að því verklagi sem sjóðurinn hafði viðhaft undanfarin ár vegna iðgjaldagreiðslna þeirra sem eru undir 16 ára eða yfir 70 ára.*

*Nánar tiltekið var samþykkt á ársfundinum að fella út grein 23.2 sem sagði að iðgjöld vegna þeirra sem eru undir 16 ára eða yfir 70 ára skyldi almennt endurgreiða en þó væri heimilt að leggja þau inn á reikning viðkomandi í séreignardeild sbr. grein 23.3. Framkvæmd Stapa árin á undan hafði verið með þeim hætti að iðgjöld sem svona var háttað um voru ávallt lögð inn á reikning viðkomandi í séreignardeild í samræmi við ákvæði 23.3. Eftir að breytingarnar höfðu verið samþykktar á ársfundi 2021 voru þær sendar Fjármálaráðuneytinu til staðfestingar en þá gerðist það að fjármálaeftirlitið, sem er lögbundinn umsagnaraðili um tillögur að samþykktabreytingum, lagðist gegn þeim og lét í ljós þá skoðun að sú 5 ára úttektarheimild sem kveðið er á um í ákvæðinu standist ekki lög hvað varðar þá sem eru undir 16 ára. Breytingarnar á umræddum greinum tóku því ekki gildi og miðað við túlkun fjármálaeftirlitsins er sú framkvæmd sem kveðið er á um í grein 23.3. ekki í samræmi við lög. Því þykir rétt að fella grein 23.3. út í heild sinni. Iðgjöld vegna þeirra sem eru undir 16 ára og yfir 70 ára verða því eftirleidis ávallt endurgreidd en ekki lögð á reikning í séreignardeild.*



## 6. Stjórnarkjöri lýst

Fulltrúaráð sjóðsins hefur staðfest tilnefningar stjórnarmanna til næstu tveggja ára.

Tilnefningarnar eru feitletraðar hér að neðan en stjórn sjóðsins verður þannig skipuð:

## **Frá atvinnurekendum**

- **Dagmar Ýr Stefánsdóttir (til 2024)**
- **Valdimar Halldórsson (til 2024)**
- Erla Jónsdóttir (til 2023)
- Unnar Már Pétursson (til 2023)

## ***Varamenn***

- **Páll Snorrason (til 2024)**
- Guðrún Ingólfssdóttir (til 2023)

## **Frá launþegum**

- **Guðný Hrund Karlsdóttir (til 2024)**
- **Oddný María Gunnarsdóttir (til 2024)**
- Sverrir Mar Albertsson (til 2023)
- Tryggvi Jóhannsson (til 2023)

## ***Varamenn***

- **Sigríður Dóra Sverrisdóttir (til 2024)**
- Heimir Kristinsson (til 2023)



## 7. Kosning löggilts endurskoðanda



- Stjórn Stapa leggur til að KPMG ehf. verði endurskoðandafyrirtæki sjóðsins á árinu 2022



Orðið er laust

Kosning löggilts endurskoðanda



## 8. Starfskjarastefna

## **A. Megináherslur í starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs eru:**


1. Grunnlaun. Stapi lífeyrissjóður býður sanngjörn og samkeppnishæf grunnlaun í samræmi við hæfni einstaklinga og markaðsaðstæður. Stapi lífeyrissjóður greiðir sambærileg laun fyrir sambærilegt vinnuframlag.
2. Sveigjanleiki. Stapi lífeyrissjóður leggur áherslu á að vera sveigjanlegur vinnustaður og kemur til móts við þarfir bæði starfsmanna, sjóðfélaga og annarra viðskiptavina. Stapi lífeyrissjóður telur það mikilvæga hvatningu að starfsmenn geti samræmt starf sitt öðrum hlutverkum lífsins. Starfsmenn geta því samið um sveigjanlegan vinnutíma og reynt er eftir föngum að taka tillit til óska starfsmanna, þó aldrei þannig að það bitni á sjóðfélögum eða öðrum viðskiptamönnum sjóðsins.

## **B. Framkvæmd starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs.**

1. Starfskjör stjórnarmanna. Stjórnarmenn fá greidd stjórnarlaun í samræmi við ákvörðun ársfundar hverju sinni. Nefnd um laun stjórnar skilar tillögu um laun stjórnar til ársfundar. Nefndin starfar samkvæmt ákvæðum samþykktá sjóðsins og starfsreglum um störf nefndarinnar. Almennt er miðað við að stjórnarlaun hjá Stapa séu sambærileg og greitt er fyrir viðlíka stjórnarstörf að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar.
2. Starfskjör framkvæmdastjóra. Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem gerð er grein fyrir öllum starfskjörum hans s.s. föstum launum, lífeyrisréttindum, orlofi, uppsagnarfresti og öðrum hlunnindum.
3. Starfskjör stjórnenda og lykilstarfsmanna. Framkvæmdastjóri gerir skriflega ráðningarsamninga við stjórnendur og lykilstarfmenn þar sem gerð er grein fyrir starfskjörum og skulu þau taka tillit til markaðsaðstæðna og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
4. Starfskjör annarra starfsmanna. Skriflegir ráðningarsamningar eru gerðir við aðra starfsmenn þar sem gerð skal grein fyrir starfskjörum og taka þau tillit til aðstæðna á vinnumarkaði og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
5. Kaupaukar. Ekki eru í gildi nein kaupaukakerfi hjá Stapa lífeyrissjóði.
6. Yfirvinna. Við það skal miðað að við venjulegar aðstæður rúmist sú vinna sem inna þarf að hendi vegna starfsemi sjóðsins innan þeirra marka sem sett eru í ráðningarsamningum starfsmanna. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur þó heimild til að samþykkja yfirvinnu til handa starfsmönnum, s.s. vegna álags sem upp kann að koma vegna sérstakra aðstæðna.



Orðið er laust  
Starfskjarastefna



## 9. Ákvörðun um laun stjórnar og nefnda

- 4.8. Hjá sjóðnum skal starfa nefnd um laun stjórnarmanna sem skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í nefndinni sitja stjórnarformaður sjóðsins auk þriggja einstaklinga sem ekki eru stjórnarmenn og eru kosnir á ársfundi sjóðsins. Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs.



## Laun stjórnar

Tillaga nefndarinnar er að hækkan launa stjórnarmanna taki mið af launavísitölu síðustu 12 mánaða (7,3%). Þá gerir nefndin tillögu um að launin verði tvískipt, annars vegar verði greidd föst stjórnarlaun til aðalmanna sem eru 60% af viðmiði og hins vegar verði greitt fyrir mætinu á hvern fund 40% af viðmiði eins og á síðasta ári. Miðað við framangreint verði laun stjórnarmanna eftirfarandi:

- Laun stjórnarmanns: 81.121 kr. pr. mán og 54.080 kr. fyrir mætingu á fund.
- Formaður stjórnar: 162.243 kr. pr. mán og 108.162 kr. fyrir mætingu á fund.
- Varaformaður stjórnar: 121.681 kr. pr mán og 81.121 kr. fyrir mætingu á fund.
- Varamaður í stjórn: 67.601 kr. pr. mætingu á fund.
- Þá lítur launanefnd svo á að þegar vinnufundir standa lengur en 1 dag sé greitt sem svarar mætingu á hvern fund.

## Laun nefndarmanna

Ekki er nógu skýrt hvort neðangreind ákvörðun á launum sé í verkahring launanefndar. En ákveðið var að leggja fyrir neðangreint

Launanefndin leggur til að nefndalaun Stapa hækki í samræmi við launavísitölu sl. 12 mánuði (7,3%) og verði eftirfarandi vegna komandi starfsárs:

- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 50.808 kr. á mánuði.
- Formaður endurskoðunarnefndar 101.615 kr. á mánuði.
- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 135.201 kr. fyrir starfsárið.
- Formaður nefndar um laun stjórnar 202.802 kr. fyrir starfsárið.

Stjórn gerir tillögu um að stjórnar- og nefndarlaun Stapa hækki í samræmi við launavísitölu sl. 12 mánuði (7,3) og verði eftirfarandi vegna komandi starfsárs:

- Stjórnarmaður: 81.121 kr. pr. mán og 54.080 kr. pr. mætingu á fund
  - Formaður stjórnar: 162.243 kr. pr. mán og 108.162 kr. pr. mætingu á fund
  - Varaformaður stjórnar: 121.681 kr. pr. mán og 81.121 kr. pr. mætingu á fund
  - Varamaður í stjórn: 67.601 kr. pr. mætingu á fund
- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 50.808 kr. á mánuði
  - Formaður endurskoðunarnefndar 101.615 kr. á mánuði
- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 135.201 kr. fyrir starfsárið
  - Formaður nefndar um laun stjórnar 202.802 kr. fyrir starfsárið



Orðið er laust  
Laun stjórnar og nefnda



10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar

Hjá sjóðnum skal starfa nefnd um laun stjórnarmanna sem skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í nefndinni sitja stjórnarformaður sjóðsins auk þriggja einstaklinga sem ekki eru stjórnarmenn og eru kosnir á ársfundi sjóðsins. Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt.

## Frá atvinnurekendum

- Stjórnarformaður
- Jens Garðar Helgason

## Frá launþegum

- Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
- Þórarinn G. Sverrisson



Orðið er laust

Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar



## 11. Önnur mál





Takk og bless